

Borgarstjórn Reykjavíkur
23. apríl 2024

Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins með umræðu um tjarnir í Reykjavík og umhirðu þeirra

Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill hvetja meirihlutann til að marka sér stefnu um framtíð tjarna í Reykjavík. Í Reykjavík eru margar tjarnir, flestar manngerðar. Stærsta tjörnin er Reykjavíkurtjörn. Borgarfulltrúi Flokks fólksins kallar eftir umræðu í borgarstjórn um tjarnir og hvernig hægt er að bæta umhirðu þeirra. Í tjörnum í borgarlandinu er rusl og þar er plast mest áberandi. Einnig er kallað eftir umræðu um hvernig hlúa megi betur að fuglalífnum t.d. með því að fjölga hölmum sem gefa fuglsungum öryggi og frið fyrir köttum. Tjarnir í borgarlandinu mætti nýta og njóta betur með því að setja upp aðstæður í kringum þær sem gefur fólki kost á að staldra við þær, tylla sér á bekk og njóta umhverfisins.